

Kennsluáætlun



Stærðfræði 2018-2019

5. bekkur

Kennarar: Ragnar Ingi Sigurðsson og Sigurður Þorbjörn Magnússon

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Stærðfræðin hefur líka sína eigin fagurfræði, sem nemendur þurfa að fá tækifæri til að kynna, með því að fást við stærðfræðileg mynstur, form, tengsl og röksemdafærslur frá ólíkum sjónarhornum.

Lykilhæfni

Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur:

- tileinki sér það viðhorf að það sé gagnlegt að hafa stærðfræði á valdi sínu og með ástundun geti þeir náð tökum á henni,
- öðlist hæfni í að setja fram og leysa þrautir með hjálp stærðfræðinnar og leggja mat á eigin lausnaleyðir og annarra,
- öðlist hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og greina tengsl þeirra,
- öðlist hæfni í að nota tungumál stærðfræðinnar til að ræða um, færa rök fyrir og útskýra eigin tilgátur og annarra, útreikninga og niðurstöður,
- öðlist hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Námsefni

Stika 1a og 1b auk þess verður unnið með verkefni í Minecraft og ýmis verkefni af vef.

Námsmat

Parapróf, heimapróf, hefðbundin próf, margföldunarpróf, umræður og símat.

Tímabil	Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsmat
30. ágúst – 22.sept.	Nemendur vinna með: Pósitífar og negatífar tölur. Tugakerfi. Samlagningu og frádrátt, margföldun og deilingu.	Stika 1a – Heilar tölur	
23. sept – 19. október	Stefnt er að því að nemandi -kunni að vinna með eiginleika og einkenni mismunandi forma, ferhyrning og þríhyrning. Unnið með samhverfu, hliðrun, snúninga. -unnið með horn og fundið hornasummu.	Stika 1a – Rúmfræði	
20. okt. – 13. nóv.	Nemendur vinna með: súlurit, miðgildi og tíðasta gildi, flokkun svara og talningu.	Stika 1a – Tölfræði	
14. nóv – 13. des.	Stefnt er að því að nemandi -Kunni að vinna með margföldunartöfluna. -Geti margfaldað tveggja stafa tölu og deilt í slíkar tölur - Skoðað tengsl margföldunar og deilingar - Geti notað margföldun í töflureikning.	Stika 1b – Margföldun og deiling	
8. janúar – 17. mars	Stefnt er að því að nemandi -Kunni námundun og slumpreikning og geti lagt saman og dregið frá með tugabrotum. - unnið með tíunda hluta og hundraðshluta. Stefnt er að því að nemandi -Kunni að vinna með almenn brot, hluta af heild. -Lagt saman og dregið frá með almennum brotum. -Borið saman mismunandi brot.	Stika 1a – Tugabrot Stika 1b – Almenn brot	
18. mars – 11. apríl	Stefnt er að því að nemandi -Kunni að vinna með mynstur. -Hvernig á að búa til mynstur t.d með hliðrun, speglun og snúningi. -Geti notað rökhusun til að búa til mynstur með myndum og tölum.	Stika 1b – Mynstur	
23. apríl – 28. apríl	Stefnt er að því að nemandi -Kunni að vinna með flatarmál, ummál og lengd	Stika 1b – Mælingar	

Birt með fyrirvara um breytingar